



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 1. desember 2017

## Niðurstaða athugunar á fylgni verðbréfasjóðs í rekstri Landsbréfa hf. við tilteknar fjárfestingarheimildir laga

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á starfsemi Landsbréfa hf. með bréfi dagsettu hinn 13. febrúar 2017. Athugunin beindist að fylgni tiltekins verðbréfasjóðs í rekstri Landsbréfa hf. við 2. og 4. tölul. 40. gr. laga nr. 128/2011, um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Í nefndum lagaákvæðum eru settar þær takmarkanir á eignasafn sjóðsins að honum er hvorki heimilt að eignast meira en 10% af skuldaskjölum einstakra útgefenda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu, né meira en 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefenda. Athugunin miðaðist við eignasafn sjóðsins um síðastliðin áramót.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í október 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna um síðastliðin áramót.

Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi í ljós að sjóðurinn átti meira en 10% af skuldaskjölum eins útgefanda, en slíkt er honum óheimilt samkvæmt 2. tölulið 40. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Tekið skal fram að um lágar fjárhæðir var að ræða í hlutfalli við stærð sjóðsins, eða sem nemur undir 1,2% af eignum sjóðsins. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við þessa fjárfestingu og fór fram á að sjóðurinn kæmi eignastöðu sinni í viðunandi horf innan þriggja mánaða. Að öðru leyti þóttu ekki efni til að gera athugasemd við eignastöðu sjóðsins í skuldaskjölum og peningamarkaðsgerningum.